

Lækkun matarskatts væri mistök

Jón Steinsson

Nú virðist margt benda til þess að stjórnvöld taki ákvörðun um lækkun matarskatts áður en langt um líður. Því miður virðist vera nokkuð almenn samstaða um að slík lækkun sé skynsamleg. “Því miður” segi ég vegna þess að rökin sem oftast nær eru færð fyrir lækkun matarskatts eru að mestu úrelt og lítill sem enginn skilningur virðist vera til staðar um ókostina sem fylgja lækkun matarskatts.

Aðal rökin fyrir lækkun matarskatts eru þau að slíkur skattur komi illa niður á þeim sem standa verst fjárhagslega þar sem þeir verja stærri hluta tekna sinna í mat en þeir sem hafa meira fé milli handanna. Lækkun matarskatts eykur því tekjutilfærsluáhrif skattkerfisins og kemur þeim sem verst standa til góða.

Fyrir 50 til 75 árum var þessi röksemdafærsla mjög mikilvæg. Á þeim tíma vörðu þeir sem verst stóðu fjárhagslega bróðurparti tekna sinna í mat. Mikilvægi þessarar röksemdafærslu hefur hins vegar minnkað verulega á síðustu 50 árum þar sem velmegun hefur aukist gríðarlega. Á þessum tíma hefur hlutur matar í útgjöldum íslenskra fjölskyldna minnkað verulega. Í dag er matur ekki lengur stærsti útgjaldaliðurinn á flestum heimilum. Flestir eyða meiru í samgöngur og húsnæði en þeir eyða í mat. Hlutur matar í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar hefur minnkað úr því að vera stærri en 50% í það að vera um 15%. Þar að auki er hlutdeild matar í útgjöldum ólíkra tekjuhópa orðin nokkuð svipuð.

Í dag ættu því aðrir þættir að vega þyngra í umræðu um hækkun eða lækkun matarskatts. Mikilvægustu rökin gegn lækkun matarskatts eru að skattur á mat er hagkvæmari en flestir aðrir skattar þar sem hann veldur minni röskun á neysluvenjum fólks. Þetta er vegna þess að eftirspurnarteygni matar er lægri en eftirspurnarteygni flestra annarra vara. Háir skattar á raftæki leiða til þess að fólk dregur verulega úr kaupum sínum á raftækjum. Þetta gerist mun síður þegar matur á í hlut. Það er því erfiðara að afla þeirra tekna sem ríkið þarf í gegnum skatta á raftæki en skatta á mat.

Mikil umræða hefur spunnist að undanfögnu um hátt verð á mat á Íslandi. Mikilvægur kostur þess að lækka matarskattinn að mati þeirra sem tala fyrir slíkri lækkun er að hún myndi lækka verð á mat. Þetta er vissulega rétt. En ef markmið stjórnvalda er að lækka verð á mat eru aðrar leiðir betri en lækkun matarskatts. Skynsamlegra væri að afnema tolla og tollkvóta á innfluttar landbúnaðarvörur.

Þegar stjórnvöld hugleiða breytingar á skattkerfinu eru almennt tvenn sjónarmið sem þau eiga að vega og meta. Annars vegar eiga þau að leitast við að gera skattkerfið þannig úr garði að tekjuöflun ríkisins valdi sem minnsti óhagkvæmni. Hins vegar geta þau notað skattkerfið sem tæki til tekjujöfnunar.

Ef stjórnvöld eru aðallega að horfa til þess að auka hagkvæmni skattkerfisins er lækkun matarskatts eins og áður segir skref í ranga átt. Frá því sjónarmiði væri skynsamlegast að lækka tolla, vörugjöld og stimpilgjöld. Ef hins vegar stjórnvöld eru aðallega að horfa til þess að auka tekjutilfærsluáhrif skattkerfisins væri nær að hækka einfaldlega persónuafsláttinn.